



Leiðbeiningar um skipun sérstaks lögráðamanns eða málsvara fyrir erfingja við skipti á dánarbúi, sbr. 13. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991

Skipun sérstaks lögráðamanns

Ef erfingi er yngri en 18 ára kemur lögráðamaður/lögráðamenn fram fyrir hans hönd við skipti á dánarbúi. Lögráðamaður getur verið foreldri eða annar aðili sem hefur verið falin forsjá barns. Ef lögráðamenn barns eru tveir þurfa báðir að undirrita fyrir hönd barnsins eða annað að veita hinu umboð.

Ef erfingi er yfir 18 ára en hefur verið sviptur fjárræði eða sjálfræði kemur skipaður lögráðamaður hans fram fyrir hans hönd. Afrit af skipunarbréfi lögráðamanns þarf að fylgja með beiðni eða erindi til sýslumanns t.d. beiðni um leyfi til einkaskipta ef það liggur ekki þegar inni hjá sýslumanni.

Ef lögráðamaður erfingja á sjálfur hagsmuna að gæta af skiptunum skal sýslumaður samkvæmt 1. mgr. 13. gr. skiptalaga skipa erfingjanum sérstakan lögráðamann. Á það til dæmis við ef foreldri eða skipaður lögráðamaður er sjálfur erfingi í dánarbúinu.

Skipun málsvara þegar erfingi er ófær um að gæta hagsmuna sinna af heilsufarsástæðum

Ef erfingi sem hefur náð 18 ára aldri er ófær um að gæta hagsmuna sinna sjálfur við skipti á dánarbúi vegna heilsufars síns, til dæmis vegna fötlunar eða öldrunar, getur sýslumaður skipað erfingjanum málsvara til að koma fram fyrir hans hönd við skiptin, samkvæmt heimild í 2. mgr. 13. gr. skiptalaga.

Í meginatriðum felur hlutverkið í sér að málsvari gætir hagsmuna erfingjans við dánarbússkiptin, það er að ekki sé gengið á rétt erfingjans við skiptin. Mikilvægt er að upplýsa sýslumann um hagi og aðstæður erfingja sem getur ekki gætt hagsmuna sinna sjálfur við skiptin svo hægt sé að gera ráðstafanir sem samræmast hagsmunum hans. Aðstandendur erfingjans geta eftir atvikum leitað ráðlegginga hjá þeim sem hafa haft með fjárhagsleg málefni erfingjans að gera.

Vakin er athygli á að hlutverki málsvara líkur við skiptalok. Aðstæður erfingjans geta kallað á að honum Sverði skipaður varanlegur lögráðamaður til að tryggja varðveislu arfsins eftir skiptalok. Þannig metur sýslumaður hvort skipun málsvara við dánarbússkiptin nægi til að tryggja hagsmuni erfingjans eða hvort þörf sé á að hann fái lögráðamann samkvæmt lögræðislögum nr. 71/1997. Sem dæmi væri úrræðið heppilegt ef erfingi tekur aðeins fjármuni í arf sem lagðir yrðu inn á bundinn



bankareikning. Úrræðið yrði ekki jafn heppilegt ef erfingi fengi eign í sinn hlut við skiptin sem þyrfti að gera ráðstafanir með á einhvern hátt, til dæmis atvinnurekstur þess látna, fasteign sem er leigð út og svo framvegis. Í slíkum tilvikum yrði óhjákvæmilegt að skipa erfingjanum varanlegan lögráðamann sem myndi sjá um að gera nauðsynlegar ráðstafanir fyrir hans hönd sem lögráðamaður eftir lok skipta.

Skipun málsvara þegar ekki hefur tekist að ná sambandi við erfingja

Ef vitað er um erfingja sem á rétt til arfs úr dánarbúi en ómögulegt hefur reynst að ná sambandi við skal sýslumaður samkvæmt 3. mgr. 13. gr. skiptalaga skipa honum málsvara til að koma fram fyrir hans hönd þar til erfinginn eða umboðsmaður hans gefur sig fram.

Málsmeðferð við skipun sérstaks lögráðamanns eða málsvara

Áður en skipun sérstaks lögráðamanns eða málsvara fer fram leitar sýslumaður eftir tillögum frá aðstandendum erfingjans um það hvern megi skipa í hlutverkið. Sýslumaður metur tillögur aðstandenda og tekur ákvörðun um skipunina. Sýslumaður getur ákveðið að skipa annan í hlutverk sérstaks lögráðamanns eða málsvara út frá því sem best verður talið samræmast hagsmunum erfingjans.

Sérstakur lögráðamaður eða málsvari sem á að skipa þarf að samþykkja það. Hann þarf að vera lögráða og vel til starfans fallinn. Sýslumaður aflar upplýsinga úr sakaskrá um að viðkomandi hafi ekki hlotið refsíðm fyrir brot á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga og fer fram á að lögð verði fram staðfesting um að viðkomandi sé ekki á vanskilaskrá.

Ef skipaður lögráðamaður eða málsvari fer fram á þóknun skal hún ákveðin af sýslumanni og greiðast af arfshluta erfingjans. Um þóknun gilda reglur nr. 965/2015 um þóknun og útlagðan kostnað skipaðra lögráðamanna frá 13. október 2015.

Sérstakur lögráðamaður eða málsvari gætir hagsmuna erfingjans við skiptin að öllu leyti og undirritar skjöl fyrir hans hönd samkvæmt skipunarbréfi. Hann getur ekki framselt hlutverk sitt. Skipunin fellur niður við lok skipta á dánarbúinu.

Samkvæmt 15. gr. skiptalaga getur sýslumaður veitt lögráðamanni eða málsvara fyrirmæli um hlutverk sitt. Þá getur lögráðamaður eða málsvari þurft að leita eftir samþykki sýslumanns fyrir yfirlýsingum eða ráðstöfunum sem hann gerir fyrir hönd erfingjans.

Við afhendingu arfs til erfingja sem hefur verið skipaður sérstakur lögráðamaður eða málsvari skal fara eftir 96. gr. skiptalaga.



Ef sérstakur lögráðamaður hefur verið skipaður skal hann afhenda reglulegum lögráðamanni arfinn við skiptalok.

Ef málsvari hefur verið skipaður og erfingi getur ekki tekið við arfi sínum við lok skipta skal málsvari leggja erfðaféð inn á bankareikning og afhenda sýslumanni skilríki fyrir slíkum reikningi til varðveislu þar til erfinginn verður fær um að taka við honum eða annar sannar rétt sinn til að taka við honum í stað erfingjans, til dæmis varanlegur lögráðamaður hans.

Vakin er athygli á að við einkaskipti á dánarbúi taka erfingjar að sér sjálfskuldarábyrgð á öllum skuldum og skuldbindingum hins látna og gjöldum sem fylgja skiptum og arftöku. Ef erfingi er ófjárráða eða hefur verið skipaður málsvari þurfa aðrir erfingjar að ábyrgjast að hann muni ekki þurfa að gjalda fyrir ábyrgð sína á skuldbindingum búsins umfram arfshluta sinn sbr. 6. tl. 1. mgr. 28 gr. skiptalaga. Ef allir erfingjarnir eru ófjárráða eða með málsvara þarf lögráðamaður eða málsvari hvers þeirra að lýsa yfir að hann taki persónulega ábyrgð. Nánar tiltekið ætti erfinginn endurkröfu á fjárráða samerfingja sína eða eftir atvikum lögráðamann eða málsvara um það sem hann hefur orðið að greiða umfram arf sinn.

Frekari upplýsingar um sýslumenn og dánarbúsmál má nálgast á <https://island.is/s/syslumenn/andlat-og-danarbu>

Eyðublöð má nálgast á <https://island.is/s/syslumenn/eydublod>

Lagareglur:

[Erfðalög nr. 8/1962](#)

[Lög um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991](#)

[Lögræðislög nr. 71/1997](#)